# Heilbrigðisfræði - fjarnám
# HBFR1HH05
# Námsáætlun vorönn, 2026

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari: | Anný Björg Pálmadóttir<br>Anny.b.palmadottir@vma.is | Skammst. | ANP |
|---|---|---|---|

## ÁFANGALÝSING:

Í áfanganum er heilbrigðishugtakið skilgreint. Lögð er áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræði og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir gegn þeim. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og helstu stofnanir, sem móta stefnu í forvörnum, heilsueflingu og heilbrigðisfræðslu. Einnig er fjallað um smitsjúkdómavarnir, kynsjúkdómavarnir, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuefnavarnir, geðvernd, beinvernd og mæðra- og ungbarnavernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði og tengsl mengunar og sjúkdóma skoðuð ásamt helstu mengunarvörnum. Áhersla er lögð á forvarnarstarf gegn sjúkdómum og slysum, áhættuþætti sem þeim tengjast og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á eigið heilbrigði.
Upplýsingar um þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið koma fram hér. Upplýsingar um þessi markmið má finna í áfangalýsingum á vef VMA.

**Þekkingarviðmið:**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfisþáttum sem ógnað geta heilbrigði

**Leikniviðmið:**
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfisþáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

**Hæfniviðmið:**
**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum

- miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra.

## NÁMSGÖGN:

Líf og heilsa. Höf. Else Kari Bjerva, Reidum Haugen og Sigrid Stordal. Þýdd af Elísabetu Gunnarsdóttur. 1. útgáfa 2003. Etv greinar settar á kennsluvef.

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSÞÁTTA:

| **Tímabil (vikunúmer/lotunúmer** | **Námsefni (verklegt og bóklegt)** | **Heimavinna/verkefni** | **Vægi námsmatsþátta** |
|---|---|---|---|
| 26. jan – 1. febrúar | Kaflar 1 og 2 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 2. - 8. febrúar | Kafli 3 | Verkefni á Moodle<br>Heilsufarsmarkmið | 2,5%<br>5% |
| 9. -15 febrúar | Kafli 4 og 5 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 16. - 22. febrúar | Valið efni | Heilbrigðisfræðsla - kynning/fræðsla | 10% |
| 23. feb – 1. mars | Kaflar 6 og 7 | Verkerfni á Moodle | 2,5% |
| 2. - 8. mars | Kafli 8 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 9. - 15. mars | Kaflar 1 – 8 | Annarpróf 1 | 20% |
| 16. - 22. mars | Kafli 13 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 23. - 29. mars | Kafli 17 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 30. mars – 12. apríl | Kaflar 19 og 20 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 13. - 19. apríl | Héðan og þaðan | myndbandsverkefni | 15% |
| 20. - 26. apríl | Kafli 21 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 27. apríl - 3. maí | Kaflar 22 og 23 | Verkefni á Moodle | 2,5% |
| 4. – 10. Maí | Kaflar 13, 17, 19, 20, 21-23 | Annarpróf 2 | 20% |

## NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSÞÁTTA:

**Matsform:** ☐ **Símat** ☐ **Lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Verkefni | Tíu verkefni á kennsluvef úr köflum 1-8, 13,17, og 19-23 | 25% |
| Kynning/ fræðsla | Fræðsla eða kynning á efni sem tengist markmiðum áfangans | 10% |
| Heilsufarsmat og markmiða-setning | Nemandi metur andlega, félagslega og líkamlega heilsu hjá sér og setur sér heilsufarsmarkmið | 5% |
| Skýrsla | Mat á markmiðum | 5 % |
| Myndband | Miðla á skapandi hátt upplýsingum um heilbrigðisvandamál og/eða forvörnum við þeim. | 15 % |
| Annarpróf | Tvö annarpróf 20 % hvort. | 40 % |
| | | |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Til að ljúka áfanganum þarf að ná 40% árangri út úr hvoru annarprófi fyrir sig, skila myndbandi og fræðslu. Ætlast er til að öllum námsþáttum sé skilað til einkunnar.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.